

**Nd.**

**704. Frumvarp til laga**

[306. mál]

um heimild fyrir ríkisstjórnina til að taka eignarnámi hluta jarðarinnar Deildartungu í Reykholtisdalshreppi ásamt jarðhitaréttindum.

(Lagt fyrir Alþingi á 100. löggjafarþingi 1978—79.)

1. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að taka eignarnámi:

Landsspildu úr landi Deildartungu, ásamt jarðhitaréttindum, þinglesna eign Sigurbjargar Björnsdóttur (Deildartunguhver).

Lega lands þess, sem taka skal eignarnámi svo og mörk þess, eru sýnd á uppdrætti, sem fylgir lögum þessum og er hluti þeirra.

2. gr.

Um framkvæmd eignarnámsins og ákvörðun bóta skal farið eftir ákvæðum laga um framkvæmd eignarnáms.

Verði reist jarðhitastöð á hinu eignarnumda landi skuldbindur eignarnemi sig til að láta eignarnámspola í té við stöðvarvegg samtals 10 l/sek. af vatni úr hvernum án endurgjalds.

3. gr.

Þegar eignarnemi hefur tekið við hinu eignarnumda er honum heimilt að afhenda Hitaveitu Akraness og Borgarfjarðar hin eignarnumdu verðmæti, enda endurgreiði hún ríkissjóði eignarnámsbætur og allan kostnað hans af aðgerðum þessum.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

I.

Í nokkur ár hafa verið uppi um það ráðagerðir að koma á stofn hitaveitu fyrir Akranes, Borgarnes og Hvanneyri. Hitakostir eru víða í Borgarfirði og höfðu farið fram ýmsar frumathuganir.

Hinn 27. október 1976 fól dr. Gunnar Thoroddsen, þáverandi iðnaðarráðherra, Edgari Guðmundssyni, verkfræðingi, að kanna nánar þá kosti sem til greina koma við gerð hitaveitu fyrir Akranes, Borgarnes og Hvanneyri og ræða við rannsóknaaðila og framkvæmdaaðila.

Í september 1977 kom út áætlun um Hitaveitu Borgarfjarðar, gerð af Verkfræðistofu Sigurðar Thoroddsen hf., Fjarhitun hf. og Verkfræði- og reiknistofunni sf.

Sett var á fót samstarfsnefnd fyrir Akranes og Hitaveitu Borgarfjarðar.

Hinn 30. mars 1978 ritaði samstarfsnefndin dr. Gunnari Thoroddsen.

Í því bréfi telur samstarfsnefndin, að samningaviðræður við fulltrúa eiganda Deildartunguhvers, sem eru taldar hafa byrjað seint á árinu 1976 hafi ekki borið árangur. Fleira er tiltekið í nefndu bréfi og talið fullreynt, að samkomulag varðandi hverinn og vatn úr honum, takist ekki. Taldi samstarfsnefndin því óhjákvæmilegt að fara fram á eignarnám á hvernum og jarðhitaréttindum honum tilheyrandi, ásamt nauðsynlegu landi vegna virkjunarframkvæmda. Eftir að fyrrgreind eignarnámsbeiðni barst, lét iðnaðarráðuneytið gera ýmsar athuganir m. a. var aflað upplýsinga frá Orkustofnun og kannað, hvaða leiðir væru færar, ef til eignarnáms kynni að koma. Gerðar voru lögfræðilegar athuganir og m. a. rætt við lögmann samstarfsnefndarinnar. Þá var hinn 2. júlí 1978 farin vettvangsferð að Deildartunguhver. Í þeirri ferð voru fulltrúar frá iðnaðarráðuneytinu, fulltrúi eiganda Deildartunguhvers, fulltrúi samstarfsnefndarinnar og starfsmenn frá Orkustofnun.

Hinn 22. júní 1978 var umboðsmanni eiganda Deildartunguhvers, Birni Fr. Björnssyni, formlega send eignarnámsbeiðnin til umsagnar, en hinn 12. maí hafði honum verið afhent beiðnin til kynningar. Í bréfi ráðuneytisins 22. júní 1978 var þess farið á leit að umsögn yrði látin í té fyrir 1. ágúst 1978. Umsögn umboðsmanna eiganda Deildartunguhvers er dags. 21. júlí 1978 og barst iðnaðarráðuneytinu 27. júlí s. á. Henni fylgdi ýtarleg greinargerð „um framvindu hitaveitumálsins varðandi Deildartunguhver“. Í umsögninni kemur m. a. fram, að rökstuðning vanti fyrir eignarnámsbeiðninni. Þá kemur þar og fram, að sú staðhæfing samstarfsnefndarinnar, að fullreynt sé að samkomulag takist ekki, sé rakalaus fullyrðing og það sé álit umboðsmannanna, að reynt verði að stefna til samkomulags.

Hinn 1. september 1978 tók Hjörleifur Guttormsson við embætti iðnaðarráðherra. Þegar á fyrstu dögum mánaðarins var ráðherra gerð grein fyrir málinu. Fól ráðherra ráðuneytinu að gera yfirlit yfir málið. Jafnframt lét ráðherra taka málið til meðferðar að nýju og afla þeirra gagna sem nauðsynleg gætu talist til frekari upplýsinga í málinu.

Hinn 20. september 1978 fór ráðuneytið þess á leit við Árna Jónsson, landnámsstjóra að hann aðstoðaði það við gagnaöflun varðandi nokkrar jarðir í Reykholtshreppi, þ. á m. innsetningu landmerkja fyrir Deildartungu og Kleppjárnareyki.

Hinn 5. október 1978 var farin vettvangsferð með þátttöku fulltrúa frá iðnaðarráðuneytinu, Landnámi ríkisins og Orkustofnun. Umboðsmanni eiganda Deildartunguhvers var boðin þátttaka, en hann taldi ekki þörf að fara með.

Í þessari ferð var haft samband við flestalla ábúendur og umráðamenn landsréttinda á Deildartungubýlinu, Kleppjárnareykjum og nærliggjandi jörðum. Áður en vettvangsganga fór fram varúið að afla ýmissa gagna um jarðir á þessu svæði í Reykholtshreppi, þar á meðal nýrra loftljósmynda, landamerkjabréfa og ýmissa annarra upplýsinga varðandi lönd og ábúendur eða eigendur.

Í ferðinni voru landamerki færð inn á loftmyndir í samræmi við lýsingu landamerkja í landabréfum. Ennfremur voru bréfin kynnt umráðamönnum jarða svo og merkjapunktur, sem voru færðir á loftmyndina. Leiðsögumaður vettvangsgöngumanna var Sturla Jóhannesson, hreppstjóri, Sturlureykjum.

Þegar eftir ferð þessa fól Hjörleifur Guttormsson, iðnaðarráðherra, Páli Flygenring, ráðuneytisstj. að mynda starfshóp varðandi málið og láta ráðherra í té álitserð, en hinn 25. sept. var Edgari Guðmundssyni, verkfræðingi tilkynnt af iðnaðarráðuneytinu, að störfum þeim sem honum voru falin hinn 27. október 1976 og sem greint hefur verið frá hér að framan, væri lokið og honum jafnframt þökkuð störfin.

Í starfshópinu voru valdir, Gísli Einarsson, deildarstjóri í ráðuneytinu, Kristján Sæmundsson, jarðfræðingur hjá Orkustofnun og Pétur Stefánsson, verkfræðingur.

Kristján Sæmundsson var erlendis um þessar mundir og kom til landsins 20. október. Þegar Kristján var kominn hófst starf starfshópsins.

Í upphafi skipulagði hópurinn starfið. Var talið nauðsynlegt til þess að árangur yrði af starfinu að kynna sér allt málið frá grunni. Var ráðherra gerð grein fyrir þessu.

Hinn 1. nóvember var enn farin vettvangsferð. Auk starfshópsins var með í ferðinni Árni Jónsson, landnámsstjóri. Í þessari ferð voru einkum skoðuð sjálf hverasvæðin. Þá voru og lögð drög að öflun frekari gagna og lagt fyrir að gera uppdrátt með landamerkjum af Deildartungu, Kleppjárnsreykjum og nærliggjandi býlum. Starfshópurinn hefur í starfi sínu haft mikil samskipti við Edgar Guðmundsson ráðgjafa samstarfsnefndarinnar svo og aðra ráðgjafa og hönnuði. Hafa gögn þau, sem fyrir lágu verið könnuð itarlega og margra frekari gagna verið aflað.

Starfshópurinn skilaði álitserð til ráðherra 27. mars 1979.

## II.

Samkvæmt veðmálabókum er Sigurbjörg Björnsdóttir (fædd 18. nóvember 1886) eigandi Deildartunguhvers ásamt landi umhverfis hann frá 23. október 1953. Þessa er jafnframt getið í landsskiptagjörð frá 22. febrúar 1973.

Í skiptum á dánarbúi Jóns Hannessonar segir í skiptagerð erfingjanna frá 23. október 1953, m. a. „... Deildartunguhver ásamt nokkru landssvæði umhverfis fellur í hlut Sigurbjargar Björnsdóttur, en þó fylgja jörðinni ókeypis hitaréttindi til venjulegra heimilisnota.

Erfingjar skulu strax ákveða stærð landssvæðisins og afmarka greinilega...“.

## III.

Markaðssvæði fyrirhugaðrar hitaveitu nær til Akraness (4751 íbúi, 1. des. 1978), Borgarness (1517 íbúar), Hvanneyrar (98 íbúar), svo og 20 býla í Reykholtshyr. og Andakílshyr., húsa við Andakílsárverkjun og 10 býla í Melasveit, Leirársveit og Skilmannahreppi. Samtals lætur nærri að markaðssvæðið nái til 6500 notenda, þannig að hitaveitan fullbúin yrði sú 4. stærsta á landinu. Í áætlun um hitaveituna er ekki gert ráð fyrir neinni meiri háttar notkun heits vatns til ylræktar eða iðnaðar ef frá er talin graskögglaferksmiðja. Sýnt þykir, að hitaveitan yrði aflögufær með vatn til verksmiðjunnar að sumri til, án þess að sérstök viðbótarvatnsöflun þurfi að koma til.

Vatnsþörf hitaveitunnar fyrir þennan markað hefur verið áætluð 169 l/s á árinu 1979, og er þá miðað við aðveituaðar úr asbesti í jarðvegsgarði.

Ólfunotkun til húshitunar á væntanlegu markaðssvæði hitaveitunnar nam sem næst 700 millj. kr. á ársgrundvelli miðað við s.l. áramót.

## IV.

Hverasvæðin, sem ætlunin er að nýta fyrir Hitaveitu Borgarfjarðar, eru hluti af hinu víðáttumikla jarðhitasvæði í Borgarfirði, sem nær yfir Reykholtshyr. og Stafholtstungur, Hvítársíðu og Bæjarsveit. Hér er um að ræða suðvestasta hluta jarðhitasvæðisins með þremur aðalhverasvæðum 1) kringum Bæ í Bæjarsveit, 2) milli Kletts og Runna í Reykholtshyr. og 3) milli Deildartungu og Kleppjárnsreykja í Reykholtshyr. Innan hverasvæðanna stjórna NA-SV gangar og/eða misgengi aðrennsli og uppstreymi heita vatnsins, en þaðan leitar vatnið út eftir yngri brotlínunum, sem liggja þvert á fyrrnefndu stefnunum (þ. e. NNV-SSA). Þannig koma fram hveralínurnar, sem eru áberandi einkenni hverasvæðanna. Stærstu hveraþyrpingarnar eru þar sem ungu brotlínurnar skera NA-SV gangana og/eða misgengin. Vænlegustu vinnslusvæði jarðhita eru við NA-SV-gangana og/eða misgengin þar sem þeir eru skornir af ungu brotlínunum. Þannig koma fram 1 eða fleiri vænleg vinnslusvæði jarðhita á hverju hverasvæði.

1) Hverasvæðið í Bæjarsveit er vestast. Þar eru hverirnir dreifðir eftir 2 km langri línu, sem liggur frá NNV til SSA. Heildarrensli fyrir boranir var um 8 l/s, mest 86°C. Tvö vinnslusvæði hafa fundist, annað við Bæ á miðri hveralínunni hitt við Laugarholt nyrst á henni. Úr tveimur borholum má nú fá um 60 l/s af 93°C heitu vatni með djúpdælingu miðað við hálfis árs hámarksdælingu yfir veturinn, en um það bil helmingi meira ef fleiri holur yrðu boraðar í sömu vatnsleiðara.

2) Um það bil 4 km austan við Bæ er hverasvæði, sem kennt er við Klett og Runna. Þar er jarðhitinn einnig dreifður yfir 2 km langt bil, sem liggur NNV-SSA, en dreifist á 2—3 samsíða línur. Engar boranir hafa verið gerðar á þessu svæði, en heildarrensli úr hverum er svipað og í Bæjarsveit eða um 8 l/s. Hæstur hiti, sem þar hefur mælst er 92°C. Til þessa hefur einungis tekist að finna 1 vænlegt vinnslusvæði innan þess hverasvæðis, þ. e. við Runna.

3) Um það bil 4 km austan við Klett og Runna er þriðja og langöflugasta hverasvæðið, sem kennt er við Deildartungu og Kleppjárnsreyki. Þar dreifast hverirnir yfir 1400 m langt bil með meginstefnu NNV-SSA. Deildartunguhver er á norður-enda línunnar, en Kleppjárnsreykir á suðurendanum. Heildarrensli hvera er um 253 l/s, 100°C, þar af gefur Deildartunguhver 180 l/s, en Kleppjárnsreykjahver 70 l/s. Einungis 3 l/s falla á hverapyttina þar á milli. Á hverasvæðinu eru tvö vinnslusvæði, þ. e. Deildartunguhver og Kleppjárnsreykjahver. Jarðfræðilega eru uppstreymisskilyrðin við Kleppjárnsreykjahver verr þekkt en uppstreymisskilyrðin við Deildartunguhver.

Heildarvatnsmagn sem tiltækt er í ofangreindum þremur hverasvæðum er sem hér segir:

Bæjarsveit (ársmeðaldæling) .....	50 l/s, 93°C
Deildartunguhver .....	180 l/s, 100°C
Kleppjárnsreykjahver .....	70 l/s, 100°C

Alls 300 l/s

Til frádráttar kemur það vatnsmagn, sem eigendur jarðhitans halda eftir til eigin ráðstöfunar.

Þess skal getið í sambandi við vatnsmagn í Bæjarsveit, að með frekari borunum og dælingu er áætlað út frá rennslismælingum, að fá megi til viðbótar 50 l/s.

Um hugsanleg áhrif vinnslusvæðanna hvers á annað við vinnslu heits vatns, er lítið vitað enn sem komið er. Þó virðist ljóst, að greitt samband er á milli tveggja vinnslusvæða innan sama hverasvæðis (sbr. Bæjarsveit), þannig að dæling á einu vinnslusvæði fellir þrýsting eftir endilangri hveralínunni og minnkar þar með rennsli til yfirborðs, á hverasvæðinu öllu. Hliðstæð áhrif milli hverasvæðanna gætu komið fram við langtíma vinnslu heits vatns á einhverju einu þeirra, ef sú hugmynd er rétt, sem menn gera sér nú af rennsliskerfi jarðhitasvæðisins, þ. e. að heitavatsstraumurinn liggir frá NA til SV. Aðeins reynslan fær úr því skorið, hvort slík áhrif koma fram og hversu mikil þau kunna að verða.

Hverasvæðið í Bæjarsveit stendur eitt undir hitaveitu til Borgarness og Hvanneyrar, en eigi Akranes að fylgja með verður að sækja meginhluta vatnsins til hvera svæðanna austar, og yrði Deildartunguhver þá eðlilega meginstofn hitaveitunnar.

Engir hverir eru á landi Deildartungu (2) og á landi Deildartungu (1) eru tveir volgir blettir, en ekkert vatn.

Not vatns úr Deildartunguhver yrðu af sjálfrennandi vatni, og hefði það ekki áhrif á hver í Kleppjárnsreykjum. Ef um eignarnám yrði að ræða yrði það síðan framkvæmt á eign Sigurbjargar Björnsdóttur.

Heildarvatnspörf Hitaveitu Akraness og Borgarfjarðar — HAB — (stofnuð formlega 23. mars 1979.)

Ár	Akranes l/sek.	Borgarnes l/sek.	Hvanneyri l/sek.	Sveitabærir l/sek.	Heildarvatns- þörf l/sek.	Heildar- aflþörf (hjá not.) MW
1979	120	43	4	2	169	28.1
1984	142	58	5	2	207	35.0
1989	168	67	7	2	244	42.2
1994	200	78	8	2	288	50.3
1999	236	91	10	2	339	60.4

Þegar þessi niðurstaða er skoðuð, er rétt að hafa í huga, að hún byggir á eftirfarandi meginforsendum.

- Rannsókn á aflþörf húsa í Reykjavík sem orðin er nokkurra ára gömul.
- Spá um þróun byggðanna.
- Aðveituæð í jarðvegsgarði, en óeinangruð að öðru leyti (afltap ca. 12.5 MW við mesta álag í upphafi).

Þótt ofangreind vatnsþörf sé miðuð við köldustu daga ársins, er rétt að minna á að vatnsþörfin þess á milli minnkar framan af ekki í hlutfalli við minnkandi þörf húsanna, vegna þess lágmarksrennslis sem nauðsynlegt er til að halda viðunandi innrennslishita á Akranesi.

Aðveituæð frá Deildartungu til Akraness yrði um 63 km að lengd eða nær þrefalt lengri en nokkur aðveituæð hitaveitu hér á landi. Arðsemi veitunnar ræðst því mjög af stofnkostnaði aðveitunnar. Áætlun HAB gerir ráð fyrir því að aðveituæðin verði að megni til óeinangruð asbestþípa sem lögð er á jafnað yfirborð landsins og hulin jarðvegsgarði. Nokkur reynsla er af slíkum frágangi aðveituæða hér á landi, m. a. hefur 19 km asbestæð í jarðvegsgarði verið í notkun á Húsavík frá árinu 1970.

Í brú yfir Borgarfjörð er fyrirhuguð einangruð stálþípa í plastkápu, og er sá hluti að sjálfsögðu háður smíði brúarinnar.

Kaflinn yfir Leirárvog (ca 1.1 km) hefur verulega sérstöðu að því er varðar gerð og öryggi aðalæðarinnar. Þar hafa verið kannaðar 4 leiðir, þar á meðal yfir ósinn milli Súlueyrar og Hvítaness. Allmikið starf mun enn óunnið við forhönnun þess kafla.

## V.

Að beiðni starfshópsins hafa ráðgjafar HAB endurskoðað áætlun um stofnkostnað miðað við verðlag 1. janúar 1979 (byggingarvísitala 258 stig) sem hér segir:

Virkjun hvera	29 millj. kr.
Aðveita	2 837 — —
Dælustöðvar, vatnsmiðlun	275 — —
Dreifikerfi	1 277 — —
	<hr/>
	4 418 millj. kr.
Ófyrirséð 15%	663 — —
	<hr/>
	5 081 millj. kr.
Hönnun, umsjón 8%	409 — —
	<hr/>
Heildarkostnaður	5 490 millj. kr.

Innifalín eru aðflutningsgjöld og söluskattur af innfluttu efni í aðveitu og dælustöðvar samtals kr. 890 millj. en áætlað er að af þeirri upphæð verði 210 millj. kr. lánað en 680 millj. kr. gefið eftir að fullu (Sbr. bréf Fjármálaráðuneytisins 24. febr. 1978).

Ráðgjafar telja þannig stofnkostnað hæfilega áætlaðan  $5\,490 - 680 = 4\,810$  millj. kr. á verðlagi 1. jan. 1979.

Áætlun þessi tekur ekki til áfallins rannsóknakostnaðar, kaupa á löndum eða vaxta á byggingatíma.

Ef með er talinn áfallinn rannsóknar- og borkostnaður, bætur fyrir landsþjöll lántökugjöld og vextir á byggingatíma, er talið sennilegt að heildarkostnaður verði á bilinu 5.4—6.0 milljarðar eftir því hvernig fjármögnun og framkvæmdum verður háttáð.

## VI.

Á grundvelli fyrirbyggjandi áætlana hefur starfshópurinn leitast við að rannsaka rekstrargrundvöll og meta hagkvæmni veitunnar, bæði frá sjónarmiði væntanlegra notenda og þjóðarheildarinnar.

Meginniðurstöður má draga saman í eftirfarandi yfirlit:

(Allar fjárhæðir eru í millj. kr. og verðlag miðað við 1. janúar 1979).

	1982	1984	1989	1994	1999
1. Rekstrargjöld .....	120	145	199	243	283
2. Fjármagnskostn. ....	654	702	759	800	857
3. Vinnslukostn. (1+2) .....	774	847	958	1 043	1 140
4. Orkuvinnsla Gwh .....	96	104	128	155	186
5. Orkuverð (framl.kostn.) .....	8.08	8.12	7.50	6.74	6.14
kr./kwh (3:4)					

Nú var kyndingarkostnaður með olíu talinn 9.06 kr./kwh um síðast liðin áramót. Þannig fæst

	1982	1984	1989	1994	1999
Orkuverð % af olíu .....	89	90	83	74	68
Orkuvirði millj. kr. (þ.e. ríkj- andi markaðsverð) .....	868	945	1 157	1 403	1 682
Sparnaður millj. kr. (Orkuvirði ÷ vinnslukostn.) .....	94	98	199	360	542

Meginniðurstaðan er sú að kostnaðarverð orkunnar kominnar til neytenda breytist úr 89% af olíu árið 1982 (hæst 91% árið 1983) niður í 66% árið 2000. Jafnframt eykst árlegur ávinningur (hagnaður + sparnaður notenda) úr 94 millj. króna árið 1982 í 589 millj. króna árið 2000, allt á verðlagi 1. janúar 1979.

Reikna má þennan ávinning til núvirðis með mismunandi afvöxtun, en það hefur einkum tilgang ef um það væri að ræða að greiða einhvern hluta hans út í formi kaupa á vatnsréttindum.

Stofnfé er talið að muni endurheimtast með 14% vöxtum miðað við ofangreindar forsendur.

Ávöxtun stofnfjár virðist samkvæmt ofansögðu vera mun hærrí en nemur almennum vaxtakröfum fjárfestingarlána á alþjóðlegum peningamarkaði (nú gjarnan 7—11%). Hér virðist því um arðbært fyrirtæki að ræða miðað við þau ytri skilyrði er ríktu um s.l. áramót, en þá var olíuverð á föstu verðlagi reiknað mjög nálægt meðaltali undangenginna þriggja ára.

Um síðustu atburði í olíuheiminum þarf ekki að fjölyrða. Engum getum skal að því leitt, hvort áhrifa þeirra gætir lengur eða skemur. Til hins hníga gild rök, að langtímaþróun í olíumálum verði þessu fyrirtæki til styrktar.

Kannaðir hafa verið aðrir möguleikar til orkuöflunar til hitaveitu fyrir þessi byggðarlög, svo sem afgangsvarma frá járnblendiverksmiðjunni á Grundartanga og fjarvarmaveitu með svartolíu og afgangsmálforku.

Niðurstaða þessara kannana er sú, að sameiginleg hitaveita frá framangreindum jarðhitasvæðum í Borgarfirði sé vænlegasti kosturinn í hitaveitumálum Akraness og Borgarness.

## VII.

Svo sem fram hefur komið hér að framan, í I, skilaði starfshópurinn álitserðinni til ráðherra hinn 27. mars 1979.

Fulltrúar eigenda Deildartunguhvers höfðu mælt til þess við iðnaðarráðuneytið, að ef til samningaumleitana kæmi milli þeirra og fulltrúa samtaka um hitaveitu fyrir Akranes og Borgarnes þá hefði starfshópurinn milligöngu um sáttatilaunir. Fulltrúar hitaveitunnar (nú Hitaveita Akraness og Borgarfjarðar) tóku undir þessi tilmaeli fulltrúa eigenda.

Hinn 3. apríl iðnaðarráðherra starfshópnum að koma af stað sáttaumleitunum. Sáttafundur hafa stöðugt verið haldnir og voru þeir samtals 19, auk fjölda upplýsingafunda. Starfshópurinn hafði þann hátt á sáttaumleitunum, að rætt var við fulltrúa aðila sitt í hvoru lagi og aðilum síðan kynnt mál hvors annars. Fulltrúar beggja aðila voru sammála um að sameiginlegir fundir væru tilgangslausir og var svo allt til loka sáttatilauna. Lokasamningafundur voru haldnir miðvikudaginn 9. maí 1979 og lauk þeim laust fyrir miðnætti þann dag og voru sáttatilaunir árangurslausar.

Fyrstu verðhugmyndir komu fram frá fulltrúum eigenda Deildartunguhvers hinn 25. apríl 1979, kr. 48 millj. fast árgjald fyrir 150 l/s og ekki lægra en 30% af heildarábata væntanlegrar hitaveitu. Töldu fulltrúar eigenda þetta vera svipaðar verðhugmyndir og þeir höfðu, þegar upp úr slitnaði viðræðum á árinu 1978.

Fyrsta tilboð frá fulltrúum HAB kom fram 4. maí 1979 og var það í tvennu lagi, þannig:

### „Tilboð nr. 1.

1. Deildartunguhver verði leigður gegn ársgreiðslu sem nemi kr. 18 milljónum fyrir ótakmörkuð afnot á 180 l/sek sjálfrennsli. Verði um leigu á minna magni að ræða allt að 150 l/sek, lækki leigan tilsvarendi. Leigutími hefst þegar veitan tekur til starfa og miðast við það vatnsmagn sem tekið er.
2. Samið verði til 10 ára og verði aðilar sammála um að áframhaldandi leigukjör verði háð úrskurði gerðardóms, ef ekki nást samningar um áframhaldandi leigu. Gert er ráð fyrir að á leigutímanum verði Alþingi Íslendinga búíð að fjalla um eða setja lög er varða eignarrétt á lághitasvæðum og taki gerðardómurinn fullt tillit til þeirrar löggjafar eða þeirrar umræðu og vinnu sem liggur að baki væntanlegrar löggjafar.

3. Verðtrygging á leigusamningi verði mynduð úr 4 viðmiðunum sem vegi jafnt í grundvelli
  - 3.1 Visitala vöru og þjónustu
  - 3.2 Visitala byggingarkostnaðar
  - 3.3 Visitala framfærslu
  - 3.4 Útsöluverð á vatni frá Hitaveitu Reykjavíkur.
4. Samningurinn verði gerður með fyrirvara um samþykki:
  - 4.1 Stjórnar H.A.B.
  - 4.2 Iðnaðarráðuneytisins
  - 4.3 Hreppsnefndar Reykholtshrepps.
5. Verðlag miðast við 1. janúar 1979.“

„Tilboð nr. 2.

1. Deildartunguhver verði leigður til 30 ára gegn ársgreiðslu sem nemur kr. 14 milljónum á ári miðað við 180 l/sek rennsli eða tilsvarendi fyrir minna vatnsmagn, allt að 150 l/sek og verðlag 1. janúar 1979.

Það er mat okkar að tilboðið nemi um 8% af heildarhagnaði veitunnar sbr. lið 9, töflu 4 í skýrslu starfshóps iðnaðarráðuneytisins að því er hlutdeild Deildartunguhvers varðar í heildarvatnsöflun veitunnar.

Samningurinn framlengist sjálfkrafa um 10 ár í senn verði honum ekki sagt upp með a. m. k. þriggja ára fyrirvara.“

Sömu ákvæði og í tilboði 1 um verðtryggingu, verðlag og fyrirvara.

Starfshópurinn skýrði aðilum frá því að ráðuneytið myndi ekki vilja stuðla að samningi til 10 ára með þeim fyrirvörum, sem þar koma fram og var tilboð þetta eigi frekar til umræðu.

Fyrsta formlega tilboð fulltrúa eiganda Deildartunguhvers kom fram 5. maí 1979, þannig:

„... upplýsti að fulltrúar eiganda hefðu orðið sammála um að bjóða fram til samkomulags 35 millj. króna árgjald er miðaðist við 150 l/sek og verðlag 1. janúar 1979 (byggingarvisitala 258 stig). Árgjald breytist með vísitölu byggingarkostnaðar eins og hún er á hverjum tíma.

Þetta verð er hugsað sem hlutfall af ábata eins og áður hefur komið fram í viðræðum, en það er til frekari umræðu, þó ekki til lækkunar á árgjaldi.

Fulltrúar eiganda tóku fram að þeir væru reiðubúnir til að líta sérstaklega á fyrstu rekstrarár veitunnar, að því er % af ábata varðar, meðan hún er að komast yfir hugsanlega byrjunarörðugleika.

Tilboð eiganda á 150 l/sek miðast við gildistíma 25 ár og 3ja ára uppsagnarfrest.

Umframvatn verði samið um árlega til 1 árs í senn.“

Á fundi 7. maí 1979 kom fram tilboð frá fulltrúum eiganda Deildartunguhvers þannig:

„Árgjald verði kr. 22 milljónir miðað við 150 l/sek frá 1982 að telja. Árgreiðsla fylgi byggingarvísitölu frá 1. jan. 1979 að telja. Eftir árið 1985 fylgi árgjald 20% af heildarábata veitunnar, eins og hann er á hverjum tíma (hvor talan sem er hærri).

Samningar verði til 20 ára. Sami uppsagnarfrestur og áður.

HAB greiði hugsanlega aukaskatta er á kynnu að verða lagðir vegna notkunar heita vatnsins utan sveitar, þ. e. Reykholtshrepps (sbr. t. d. reglugerð um fasteignaskatt nr. 320 19. des. 1972).



Umframvatn verði selt hlutfallslega á sama verði.

Að við undirskrift samnings verði innt af hendi 10 millj. króna fyrirframgreiðsla er komi til lækkunar á fyrstu árgreiðslum.“

Hinn 8. maí 1979 kom fram tilboð frá fulltrúum HAB, svohljóðandi:

„Vatn úr Deildartunguhver verði keypt gegn árgreiðslu er nemi kr. 15 milljónum á ári miðað við 180 l/sek, eða hlutfallslega fyrir minna vatnsmagn allt að 150 l/sek, og verðlag 1. janúar 1979. Tilboð þetta samsvarar 12.5 milljónum króna fyrir 150 l/sek.

Tilboð þetta miðast við 30 ára samningstíma.

Verðtrygging miðast við vísitölu byggingarkostnaðar, vöru- og þjónustu, svo og framfærsluvísitölu.“

Sama dag kom fram tilboð frá fulltrúum eiganda Deildartunguhvers, þannig:

„Árgreiðsla verði 20 millj. á ári miðað við 150 l/sek og verðlag 1. janúar 1979.

Önnur ákvæði sbr. tilboð í fundargerð mánudaginn 7. maí 1979 standi óbreytt.“

Á fundi 8. maí 1979 létu fulltrúar HAB bóka svohljóðandi:

„að með tilboði sínu fyrr í dag hafi þeir, miðað við framkomin gögn og upplýsingar, meðal annars um arðsemi veitunnar, gengið eins langt og þeir geti réttlætt gagnvart stjórn HAB og væntanlegum neytendum á sveitusvæði HAB. Benda þeir á, að það sem á milli beri síðustu tilboða séu ekki einungis mismunur 20 millj. króna árgreiðslu annars vegar og 12.5 millj. króna árgreiðslu hins vegar, þar eð tilboð fulltrúa eiganda Deildartunguhvers miðist við að eftir 1985 fylgi árgjald 20% af heildarábata veitunnar eins og hann er á hverjum tíma. Miðað við þær forsendur sem gengið var út frá í upphafi þessara viðræðna, þ. e. skýrslu starfshóps iðnaðarráðuneytisins, verða árgreiðslur ekki þannig 20 milljónir eftir árið 1985, heldur 72 milljónir árið 1994, svo dæmi sé tekið og kr. 108.4 milljónir árið 1999.

Yfir 20 ára tímabil verða heildargreiðslur HAB samkvæmt síðasta tilboði hennar kr. 250 milljónir en heildargreiðslur samkvæmt síðasta tilboði fulltrúa eiganda Deildartunguhvers um 1200 milljónir króna.

Þótt þessi dæmi séu nefnd um háar árgreiðslur vilja fulltrúar HAB taka fram, að þeir telja ekki grundvöll til samninga sem miðist við að árgreiðslur verði hlutfall af ábata veitunnar, eins og hann verður á hverjum tíma. Telja þeir eðlilegt að um árgreiðslu verði samið, sem haldi síðan raunvirði með viðmiðun við vísitölur.

Fulltrúar HAB harma að illa horfir um samkomulag. Þeir hafa lagt mikla áherslu á að samkomulag mætti takast. Vilja þeir því sem úrslitatilraun óska eftir því við starfshóp iðnaðarráðuneytisins, að hann leggi fram sáttatillögu ef hann telur grundvöll fyrir því. Fulltrúar HAB munu taka slíka sáttatillögu til vinsamlegrar athugunar.“

Á fundi 9. maí lögðu fulltrúar eiganda Deildartunguhvers fram

„gögn um skiptingu arðs skv. síðasta tilboði fulltrúa eiganda (8.5.1979). Þar kemur fram að arðskipting umreiknuð til jafnrar árgreiðslu með 6% vaxtakröfu nemur 197.7 millj. kr. á ári til HAB en 49.9 m.kr. á ári í hlut eiganda Deildartungu. Þess ber að geta að hlutur HAB er skattfrjáls en eigandi Deildartunguhvers þarf að greiða fulla skatta.“

**Deildartunga 20%, HAB 80%.**

Ár	Arður	Til D	Til HAB	6% Afvöxtun	Núvirði D 1982	Núvirði HAB 1982
1982	93.8	20.0	73.8	0.943	18.9	69.6
1983	83.5	20.0	63.5	0.890	17.8	56.5
1984	97.6	20.0	77.6	0.840	16.8	65.2
1985	118.8	23.8	95.0	0.792	18.9	75.2
1986	129.6	25.9	103.7	0.747	19.4	77.5
1987	135.3	27.1	108.2	0.705	19.1	76.3
1988	168.3	33.7	134.6	0.665	22.4	89.5
1989	199.4	39.9	159.5	0.627	25.0	100.0
1990	233.4	46.7	186.7	0.592	27.7	110.5
1991	264.0	52.8	211.2	0.558	29.5	117.9
1992	292.2	58.4	233.7	0.527	30.1	123.2
1993	326.1	65.2	260.9	0.497	32.4	129.7
1994	359.5	71.9	287.6	0.469	33.7	134.9
1995	393.6	78.7	314.9	0.442	34.8	139.2
1996	430.0	86.0	344.0	0.417	35.9	143.5
1997	472.1	94.4	377.7	0.394	37.2	148.8
1998	498.5	99.7	398.8	0.371	37.0	148.0
1999	541.9	108.4	433.5	0.350	37.9	151.1
2000	589.3	117.9	471.4	0.331	39.0	156.0
2001	620.0	124.0	496.0	0.312	38.7	154.8
	6046.9	1214.5	4832.3		572.2	2268.0
					x0.08718	x0.08718
					=49.9	=197.7
					p.a.	p.a.
					@6%	@6%
						Σ = 2840.2

Í framhaldi af þessu lækkuðu umboðsmenn eiganda Deildartunguhvers kröfuna um 20% af ábata veitunnar í 15% af heildarábata, eins og hann er á hverjum tíma. Fulltrúar HAB áréttuðu tilboð sitt frá 8. maí og kváðu það vera lokaboð.

Hinn 9. maí kom fram lokaboð frá fulltrúum eiganda Deildartunguhvers:

„Árgjald nemi kr. 18 milljónum miðað við 150 l/sek en frá og með árinu 1991 fylgi árgjald 15% af heildarábata veitunnar eins og hann er á hverjum tíma, hvor talan sem er hærri. Að öðru leyti er fyrri tilboð óbreytt. Fulltrúar eiganda taka fram að boð þetta gefi ekki vísbendingu um, hvað þeir telji verðmæti hversins, heldur er boð þetta eingöngu lagt fram sem tilraun til samkomulags. Verði tilboði þessu hafnað er það úr gildi fallið.“

Lokaboð fulltrúa eiganda Deildartunguhvers var borið undir fulltrúa HAB sama dag, og svöruðu þeir því þannig:

„Fulltrúar HAB hafa fjallað um lokatilboð fulltrúa eiganda Deildartunguhvers. Við athugun á tilboði þessu kemur fram að miðað við 20 ára sölusamning nema greiðslur til eiganda Deildartunguhvers kr. 875 milljónum. Bil milli tilboða fulltrúa eiganda og fulltrúa HAB nemur því 625 milljónum á ofangreindu tímabili.“

Í ljósi þessara staðreynda sjá fulltrúar HAB ekki tilefni til endurskoðunar á fyrri tilboði, sbr. bókanir frá í dag og í gær.“

Sama dag var fulltrúum eiganda Deildartunguhvers kynnt framangreind afstaða HAB og var á þeim fundi bókað:

„Fulltrúar eiganda Deildartunguhvers vísuðu til fyrri afstöðu, og kváðu að ekki væri um neina breytingu að ræða.“

VIII.

Lokatilboð aðila gera ráð fyrir eftirfarandi árgreiðslum miðað við kaup á 150 lítrum á sekúndu og verðlag 1. janúar 1979.

Ár	Lokatilboð HAB (30 ára samningur) millj. kr.	Lokatilboð fulltrúa eiganda Deildartunguhvers (20 ára samningur) millj. kr.
1982	12.5	18
1983	12.5	18
1984	12.5	18
1985	12.5	18
1986	12.5	18
1987	12.5	18
1988	12.5	18
1989	12.5	18
1990	12.5	18
1991	12.5	39.6
1992	12.5	43.8
1993	12.5	48.9
1994	12.5	53.9
1995	12.5	59.0
1996	12.5	64.5
1997	12.5	70.8
1998	12.5	74.8
1999	12.5	81.3
2000	12.5	88.4
2001	12.5	88.4
	250	875

o. s. frv. til  
ársins 2011.

Lokaboð HAB kr. 12.5 millj. á ári miðað við 150 l/sek svarar til afgangd kr. 83 333 pr. sekúndulítra á ári.

Lokaboð fulltrúa eiganda Deildartunguhvers gerir ráð fyrir 18 millj. kr. árgjaldi eða 120 000 kr. afgangd pr. sekúndulítra á ári fyrstu 9 árin en stighækkandi úr því upp í 84.4 millj. kr. árgjald árið 2000 eða 589 333 kr. pr. sekúndulítra á ári.

Sé stighækkandi árgjaldi í lokaboði fulltrúa eiganda Deildartunguhvers breytt í jafngilda annuitetsröð með t. d. 6% vaxtakröfu svarar það til 35.8 millj. króna jafnrar árgreiðslu eða rúmlega 238 000 krónum pr. sekúndulítra á ári.

Það er skoðun starfshópsins að með lokatilboði sínu sé HAB komið það nærri þeim mörkum sem starfshópurinn að breyttu breytanda telur eðlilegt með tilliti til þeirra fordæma í samningum, matsgjörðum og dómum, sem honum eru kunn, að tilgangslaupt sé, í ljósi hins djúpstæða ágreinings í millum aðila, að leggja fram sáttatillögu.

*Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.*

Um 1. gr.

Þessari grein hafa verið gerð ítarleg skil í athugasemdum hér að framan og visast til þeirra.

Um 2. gr.

Framkvæmd eignarnámsins og ákvörðun bóta skal fara eftir lögum um framkvæmd eignarnáms nr. 11 6. apríl 1973.

Vatnsmagn það úr hvernum sem eignarnema er skylt að láta eignarpola í té við stöðvarvegg er 10 sekúndulítrar.

Til skýringa má geta þess, að vatnsmagn þetta myndi nægja til þess að hita upp hús í 500—800 manna byggðarlagi, eða 5—7 meðal stórar gróðrarstöðvar.

Um 3. gr.

Visast til athugasemda við lagafrumvarp þetta.

Um 4. gr.

Þarfnast ekki skýringa.


**Skrá yfir fylgiskjöl:**


Fskj. 1. Uppdráttur af landi því sem taka skal eignarnámi, sbr. 2. gr.

Fskj. 2. Uppdráttur af hverasvæði Deildartungu og Kleppjárnsreykja, með landamerkjum.

Fskj. 3. Yfirlitsmynd af fyrirhugaðri hitaveitu.

Fskj. 4. Uppdráttur af mögulegum vinnslusvæðum jarðhita í upphveitum Borgarfjarðar.





		<b>HNIT H.F.</b>	
		<b>VERKFRÆÐISTOFA</b>	
		SIÐUNÁLA 34	DÁT. 6-47 85
DEILDARTUNGUHVER		MELNIV. ...	
		MELT. DEJ./ARB./JH. DASS. MÁI 1979	
		TEIÐI. AR. A. A.	T. NR. 15-47
		DR. NR. 0003 BREYTTUR	M-1

Fskj. nr. 2.

